

Alþingi
Erindi nr. p 132/818
komudagur 10.2.2006



LÍFFRÆÐISTOFNUN HÁSKÓLANS

Askja - náttúrufræðahús
Sturlugötu 7, 101 Reykjavík
Sími: 525 4600
Bréfasími: 525 4069

Nefndasvið Alþingis
b.t. Hlínar Lilju Sigfúsdóttur
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 8. febrúar 2006

Líffræðistofnun Háskóla Íslands barst beiðni um umsögn um frumvarp til laga um Verkefnasjóð sjávarútvegsins. Hér vísast til bréfs frá sjávarútvegsnefnd Alþingis frá 26. janúar 2006.

Meðfylgjandi er umsögn Próf. Jörundar Svavarssonar sem tók að sér að yfirfara frumvarpið fyrir hönd stofnunarinnar.

Virðingarfyllst,

A handwritten signature in black ink, appearing to read "Sigurður S. Snorrason".

Sigurður S. Snorrason
forstöðumaður



LÍFRÆÐISTOFNUN HÁSKÓLANS

Askja - náttúrufræðihús
Sturlugötu 7, 101 Reykjavík
Sími: 525 4600
Bréfasími: 525 4069

Reykjavík 8. febrúar 2006


Umsögn um 382. mál. Frumvarp til laga um ráðstöfun fjár úr Verkefnasjóði sjávarútvegsins.

Markmið með frumvarpinu er að nýta fjármuni úr Verkefnasjóði sjávarútvegsins til eflingar hafrannsóknna. Þetta er því mikilvægt frumvarp, sem brýnt er að verði að lögum, því öflugar hafrannsóknir eru forsenda skynsamlegrar nýtingar auðlinda sjávar.

Fram kemur að fyrirhugað er að verja hluta fjármunanna til hafrannsóknna á samkeppnisgrundvelli. Með þessu er verið að auðvelda öðrum en þeim, sem starfa á Hafrannsóknastofnuninni, að stunda hafrannsóknir.

Þetta er ákaflega mikilvæg stjórnvaldsáðgerð, sem mun eflaust skila sér í aukinni þekkingu á lífríki sjávar. Veruleg reynsla við sjávarrannsóknir er til staðar víða í íslensku samfélagi, t.d innan Háskóla Íslands, Háskólans á Akureyri og Hólaskóla, auk Háskólasetra sem tengjast þessum skólum. Auknir möguleikar þessara aðila til rannsókna á lífríki sjávar munu eflaust leiða til nýrrar þekkingar og nýrra atvinnutækifæra. Þetta mun jafnframt leiða til eflingar framhaldsnáms í tengslum við hafrannsóknir og aukinnar nýliðunar sérfræðinga á þessu fræðasviði.

Í greinargerðinni er greint frá því að faghópur muni fjalla um umsóknir og meta þær með hliðsjón af vísindalegu gildi rannsókna. Ánægjulegt er að svo faglega skuli staðið að þessu máli. Mikilvægt er jafnframt að þessi faghópur verði samsettur af aðilum óháðum þeim sem nú stunda rannsóknir á lífríki sjávar.



Jörundur Svavarsson
prófessor